

Rangárþing ytra  
b.t. Har. Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Hella 10. apríl 2018  
UST201802-152/J.S.J.  
10.04.03

### **Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Snjallsteinshöfða í Rangárþingi ytra**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði í landi Snjallsteinshöfða 1A.


Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að svæðið nái yfir um 26 ha. svæði í landi Snjallsteinshöfða 1A. (landnr. 176546) sem er í heild 110 ha. Efnisval skal vera vandað og taka mið af þeim byggingum sem fyrir eru. Reynt verður að fella byggingar sem best að umhverfinu. Vanda skal frágang bygginga, bílastæða og lóða.

Umhverfisstofnun tekur undir með tillögu deiliskipulags að byggingar verði felldar sem best að landi og því byggingamynstri sem fyrir er, til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif þeirra. Einnig að vandað verði til verka varðandi frágang bygginga, bílastæða og annarra lóðaframkvæmda.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst

  
Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur